

Skóla-akur




Vefrit um skólamál 14. tbl. 8. árg. 6. nóvember 2014

Myndir augnabliksins eru frá Huldusteini á Naustatjörn.



Nýr fræðslustjóri mætt til starfa.

Soffía Vagnsdóttir tók við starfi fræðslustjóra á Akureyri um mánaðamótin. Fyrstu dagana verður hún að kynna sér umfang starfsins og setja sig inn í málaflökkinn. Soffía segist full tilhlökkunar að takast á við þetta spennandi starf, kynnast skólamálum á Akureyri, nýjum verkefnum og nýju fólki. Skóladeild býður Soffíu velkomna til starfa.



Englar alheimsins í Lundarskóla.

Nemendur í 10. bekk eru um þessar mundir að lesa bókina Engla alheimsins eftir Einar Mú Guðmundsson undir handleiðslu Stefáns Smára kennaranna og Kristínar Irene íslenskukennara. Opnaður hefur verið námsvefur tileinkaður Englum alheimsins.

Hugmyndin að vefnum kviknaði í umræðum um hvernig hægt væri að spara pappír og færa námsefnið nær nemendum. Kennararnir sáu meðal annars að krakkarnir gera sér yfirleitt ekki far um að lesa það sem þeir láta þau hafa útprentað og ákváðu því að gera tilraun og setja upp vefsíðu. Hugmyndin er að setja myndir inn á síðuna og hugsanlega fleira gagnlegt. Þarna eiga nemendurnir að geta sótt sér það sem farið er yfir í hverjum lesskammti og æft sig svo fyrir munnlegt próf sem verður lagt fyrir þau í lok nóvember.



Slóð síðunnar er: <http://englaralheimsins.weebly.com/>

Loftslagsáskorunin - Opunarviðburður í Síðuskóla 11. nóvember.

Síðuskóli á Akureyri verður fyrstur íslenskra grunnskóla að skrá sig í Loftslagsáskorunina. Loftslagsáskorunin er grunnhugmynd fyrir kennslu um loftslag, orku og sjálfbæra þróun sem byggist á leik og er þróuð fyrir 12-14 ára grunnskólanema á Norðurlöndunum. Grunnhugmyndin er að tryggja kennurum sveigjanleika og aðgang að faglega traustu efni. Um leið er lögð áhersla á virka þátttöku nemendanna.

Nánari upplýsingar er að finna á kynningarsíðu Loftslagsáskorunarinnar www.loftslagsaskorunin.org

11. nóvember mun námsgátt Loftslagsáskorunarinnar opna og verða hluti af nýrri heimasíðu [Norden i Skolen](http://www.norden.is) sem opnar á sama degi.

Má borða snjó þrátt fyrir mengun í lofti?

Vegna mengunar í lofti af völdum eldgossins í Holuhrauni var Umhverfisstofnun send fyrirspurn um hvort hættu væri á að mengunin bærist í snjóinn. Svar sérfræðings Umhverfisstofnunar er eftirfarandi: Það getur verið eitthvað örllítið af mengunarefnum í snjónum. Þau eru hins vegar í mjög litlu magni. Það er t.d. líklegt að börn fái í sig meira af flúor við tannburstun heldur en að borða snjó sem er mengaður af völdum gossins. Einnig getur verið eitthvað af brennisteinssamböndum í snjónum en þau eru fyrst og fremst óæskileg við innöndun en síður ef þau eru borðuð. Þannig eru t.d. brennisteinssambönd notuð sem rotvörn í ýmis matvæli.

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Norræn bókasafnavika á Amtsbókasafninu.

Mánudaginn 11. nóvember 2014 hefst Norræna bókasafnavikan sem haldin er hátíðleg á öllum Norðurlöndunum 11. – 17. nóvember. Þema Norrænu bókasafnavikunnar 2014 er „Tröll á Norðurlöndum“.

Þá er lesinn upphátt sami bókmenntatexti á sama tíma á öllum Norðurlöndunum. Vikan er sneisafull af upplestrum, sýningum og umræðum á menningardagskrám á þúsundum bókasafna, skóla og annarra samkomustaða á öllum Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

Af því tilefni standa Amtsbókasafnið og Norræna félagið á Akureyri fyrir huggulegri dagskrá í tali og tónum Amtsbókasafninu mánudaginn 11. nóvember kl. 17:30 undir yfirskriftinni „Tröllasögur“.

Ungmenn segja „tröllasögur“ af norrænu samstarfi - Tröllaspjall í boði Valdimars Gunnarssonar - Samnorrænn upplestur - Tröllslegur félagsskapur

Sjá nánar á: <http://www.akureyri.is/amtsbokasafn/frettir/trollasogur>



Vettvangsferð Kisudeildar á Lundarseli.

Farið var með yngri börnin í heimsókn á Minjasafið og hér má sjá skemmtilegar myndir frá heimsókninni.



Pörupiltar fræða unglina um kynlíf.

Í dag fimmtudag buðu Menningarhúsið Hof og Sparisjóður Höfðhverfinga öllum 10. bekkjum á Eyjafjarðarsvæðinu og nýnemum í MA og VMA á Kynfræðslu Pörupilta. Hátt í 900 nemendur og kennarar mættu á sýninguna.

Pörupiltar, sem leiknir eru af Alexíu Björgu Jóhannesdóttur, Maríu Pálsdóttur og Sólveigu Guðmundsdóttur, hafa troðið upp víða á undanförunum misserum og velt fyrir sér samskiptum kynjanna við góðan orðstýr. Þetta er sprenglæglegt uppistand um eldfimt efni sem er unglungum afar hugleikið.

Merkisdagar í nóvember.

Í nóvember er dagsbirtan farin að dvína en tunglið lýsir upp skammtdegið. Fullt tungl verður 6. nóvember. Í mánuðinum eru nokkrir dagar sem gaman er að minnst:

8. nóvember - Dagur gegn einelti.

Baráttudagur gegn einelti var fyrst haldinn árið 2011 en markmiðið með deginum er fyrst og fremst að vekja athygli á málefnum og benda á mikilvægi jákvæðra og uppbyggilegra samskipta.

9. nóvember - Feðradagurinn.

Feðradagurinn er haldinn hátíðlegur annan sunnudag í nóvember ár hvert og var haldinn fyrst á Íslandi árið 2006. Þess má geta að mæðradeginum hefur verið fagnað hér á landi síðan árið 1934 en hann ber jafnan upp á annan sunnudag í maí.

11. nóvember - Norræni loftslagsdagurinn.

Norræni loftslagsdagurinn er sameiginlegt verkefni allra norrænu menntamálaráðherranna og felst í því að efla kennslu um loftslagsmál á Norðurlöndunum. Jafnframt að auka og efla samstarf kennara og nemenda í löndunum.

16. nóvember - Dagur íslenskrar tungu.

Dagur íslenskrar tungu verður haldinn hátíðlegur í níjtjánd sinn þann 16. nóvember en þá er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar. Fjöldi skóla og stofnana hefur haldið upp á daginn með margvíslegum hætti og sífellt fleiri aðilar taka virkan þátt í honum með ýmsu móti.

20. nóvember - Alþjóðadagur barna og afmæli barnasáttmála SP.

Alþjóðadagur barna er haldinn hátíðlegur þann 20. nóvember ár hvert. Frá 1954 hefur þessi dagur verið nýttur til að beina athygli að málefnum er varða réttindi barna. Barnasáttmálinn var svo samþykktur í nóvember 1989 með atkvæðagreiðslu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og er því 25 ára í ár.

30. nóvember - Fyrsti sunnudagur í aðventu.

Orðið aðventa er dregið af latnesku orðunum adventus domini sem þýðir koma drottins. Aðventa er tími vonar hjá kristnum mönnum.

Sjá nánar á: <http://www.nams.is/i-dagsins-onn/islenska/pistill/?newsid=f59aaf56-6411-11e4-b6a8-0050568632e8>